

**Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.**

10. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, föstudaginn, 25. apríl 2008 kl. 13.50.

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson.

Hafnarfjörður: Rósa Guðbjartsdóttir.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Eyþór R. Þórhallsson.

Mosfellsbær:

Seltjarnarnes: Stefán Bergmann.

Álftanes: Kristinn Guðmundsson og Kristinn Guðlaugsson

Kjósarhreppur: Sigurbjörn Hjaltason.

Fulltrúi Skipulagsstofnunar:

Auk þess sátu fundinn: Smári Smáráson, Birgir H. Sigurðsson og Geir Marelsson Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ, Haraldur Sigurðsson, Reykjavík og Guðmundur Malmquist SSH sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. **Fundargerð 9. fundar frá 17. mars sl.** Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.
2. **Afgreiðsla á tillögu að breyttu svæðisskipulagi Glaðheima í Kópavogi.** Einar K. Jónsson gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu að bókun “ Undirritaður fer þess á leit við Samvinnunefnd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins að erindi er varðar verulega breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins fyrir Glaðheima verði afgreitt skv. 4. mgr. 13.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Þar kemur fram að svæðisskipulag teljist samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefndin sendir samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögur til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.” Formaður bar tillöguna upp og samþykktu allir viðstaddir nefndarmenn hana nema Kristinn Guðmundsson og Stefán Bergmann sem lýstu yfir hjásetu. Þá kom fram að allar sveitarstjórnirnar átta hafa samþykkt breytinguna á svæðisskipulaginu og viðstaddir nefndarmenn sem samþykktu breytinguna skrifuðu undir uppdrátt sem sýnir breytingarnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00.